

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Vestfjarða 11. júlí 2011 í máli nr. Q-2/2009:

K

(Björn Jóhannesson hrl.)

gegn

M

(Hulda Rós Rúriksdóttir hrl.)

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 20. júní sl., barst dómnum með bréfi skiptastjóra, Þorbjargar I. Jónsdóttur hrl., dags. 21. desember 2009. Styðst málskot þetta við 112. gr., sbr. 122. gr., laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.

Sóknaraðili málsins er K. Varnaraðili er M.

Sóknaraðili gerir aðallega þær kröfur að eftirfarandi breytingar verði gerðar á fyrirbyggjandi frumvarpi skiptastjóra að skiptum milli málsaðila:

1. Að krafa málsaðila á hendur einkahlutafélaginu A ehf., kt. ..., verði við skiptin metin á 1.865.804 krónur.
2. Að eignarhlutur málsaðila í einkahlutafélaginu A ehf. verði við skiptin metinn á 7.666.666 krónur, þ.e. á fimmföldu nafnverði sem er 1.533.333 krónur.
3. Að eignarhlutur málsaðila í sameignarfélaginu B sf., kt. ..., verði við skiptin metinn á 18.333.320 krónur, þ.e. á fjörutíuföldu nafnverði stofnfjárins sem er 458.333 krónur.
4. Að endurgjaldskrafa varnaraðila á hendur sóknaraðila verði lækkuð úr 1.863.815 krónum í 436.346 krónur.

Til vara krefst sóknaraðili þess að eftirfarandi breytingar verði gerðar á fyrirbyggjandi frumvarpi skiptastjóra að skiptum milli málsaðila:

1. Að viðurkennt verði að sóknaraðili fái í sinn hlut og lagt út við skiptin 50% af kröfu málsaðila á hendur einkahlutafélaginu A ehf., kt. ..., en heildarfjárhæð kröfunnar er 1.865.804 krónur.
2. Að viðurkennt verði að sóknaraðili fái í sinn hlut og lagt út við skiptin 50% af hlutafé málsaðila í einkahlutafélaginu A ehf. sem er að nafnverði 1.533.333 krónur, eða 66,66% af hlutdeildarfé félagsins.

3. Að viðurkennt verði að sóknaraðili fái í sinn hlut og lagt út við skiptin 50% af stofnfé málsaðila í sameignarfélaginu B sf., kt. ..., sem er að nafnverði 458.333 krónur, eða 91,66% af heildarstofnfé félagsins.

4. Að endurgjaldskrafa varnaraðila á hendur sóknaraðila verði lækkuð úr 1.863.815 krónum í 872.692 krónur.

Dómkröfur varnaraðila eru þær að „... sýknað verði af öllum kröfum sóknaraðila og að frumvarp skiptastjóra verði staðfest.“ Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Varnaraðili mun hafa keypt fasteignina að D í október 1996 og flutt inn í byrjun árs 1997. Sóknaraðili, sem settist að á E árið 1994, flutti inn til varnaraðila í ágúst 1997. Í ... fæddist þeim sonurinn L. Upp úr sambúð aðila slitnaði í ágúst 2000 og í september 2002 fluttist sóknaraðili til F, en þar er hann fæddur. Sóknaraðili fluttist aftur til G ári síðar og tóku aðilar þá upp skammvinna sambúð að nýju. Á árinu 2004 tóku aðilar enn upp sambúð og eignuðust síðan sitt annað barn, stúlkuna N, Málsaðilar gengu í hjónaband síðar það sama ár.

Málsaðilar slitu sambúð í desember 2007 er varnaraðili flutti af heimili þeirra. Ekki tókust sættir um fjárskipti og fór því svo að sóknaraðili krafðist þess við Héraðsdóm Vestfjarða að fram færu opinber skipti til fjárslita þeirra á milli. Héraðsdómur féllst á þá kröfu með úrskurði 6. júní 2008 og var Þorbjörg Inga Jónsdóttir hrl. skipuð skiptastjóri til að fara með skiptin.

Á skiptafundi 8. september 2009 var lagt fram frumvarp til fjárslita milli aðila. Aðilum var á fundinum gefinn frestur til 18. sama mánaðar til að tilkynna skiptastjóra um afstöðu sína til frumvarpsins. Með bréfi 21. september 2009 lýsti sóknaraðili því yfir við skiptastjóra að hann gæti ekki fallist á nefnt frumvarp skiptastjóra. Sneru athugasemdir sóknaraðila í fyrsta lagi að bankainnstæðum á nafni varnaraðila í Sparisjóði G. Í öðru lagi kvaðst sóknaraðili ekki geta fallist á að krafa varnaraðila á hendur A ehf. væri einskis metin. Í þriðja lagi gæti sóknaraðili ekki fallist á að 66% hlutfjár í A ehf. og stofnféð í B sf. væri einskis metið. Að lokum var á það bent af hálfu sóknaraðila að eðlilegt væri að innborgun varnaraðila á tiltekið skuldabréf eftir hjúskaparslit aðila yrði tekið inn í fjárhagslegt uppgjör þeirra.

Á skiptafundi 20. nóvember 2009 var frumvarp til fjárslita milli aðila lagt fram að nýju. Setti sóknaraðili fram þá kröfu að matsmanni yrði falið að meta verðmæti eignarhluta í félögunum A ehf. og B sf. Mótmælti varnaraðili því að hann yrði látinn bera kostnað vegna matsins. Tilkynnti skiptastjóri að framlagning skiptatryggingar af hálfu sóknaraðila væri skilyrði þess að skiptastjóri óskaði mats á félögunum. Í fundargerð skiptastjóra er einnig bókað um fasteign sóknaraðila og áfallinn skiptakostnað. Síðan segir svo: „Aðilum var gefinn frestur til að taka afstöðu til ofangreindra atriða fram að næsta skiptafundi.“

Hinn 10. desember 2009 var á ný haldinn skiptafundur og óskaði skiptastjóri þá eftir afstöðu málsaðila til fyrrnefnds frumvarps til fjárslita. Um afstöðu aðila bókaði

skiptastjóri í fundargerð:

Lögmaður M segir hann samþykkja frumvarpið að öðru leyti en því að leiðrétta eigi stöðu láns vegna kaupa á eignarhluta í Sparisjóði G, þar hafi verið kr. 2.020.202,- á viðmiðunardegi skipta og miða eigi við þá fjárhæð við skiptin. Auk þess eigi M eftir að fá afhenta hluti af innbúi skv. tölvupósti lögmannsins sem sendur var skiptastjóra og lögmanni K þann 1. desember 2009.

Skiptastjóri fellst á þessa beiðni um leiðréttingu á frumvarpinu þ.s. miða eigi við stöðu eigna og skulda á viðmiðunardegi skipta.

Lögmaður K hafnar að frumvarp skiptastjóra verði lagt til grundvallar við skiptin og óskar þess að ágreiningur aðila verði sendur héraðsdómi til umfjöllunar.

Með bréfi 21. desember 2009 vísaði skiptastjóri ágreiningi aðila til dómsins á grundvelli 112. gr., sbr. 122. gr., laga nr. 20/1991. Í bréfi skiptastjóra segir svo um ágreining aðila:

Á skiptafundi 10. desember sl. var fjallað um fyrirliggjandi frumvarp skiptastjóra að skiptum og samþykkti lögmaður karlsins frumvarpið fyrir hans hönd, að teknu tilliti til leiðréttingar á stöðu láns vegna kaupa á eignarhluta í Sparisjóði G. Féllst skiptastjóri á þá leiðréttingu þ.s. miða eigi við stöðu eigna og skulda á viðmiðunardegi skipta. Hafnaði lögmaður konunnar því að frumvarp skiptastjóra verði lagt til grundvallar við skiptin og óskaði þess að ágreiningur aðila verði sendur héraðsdómi til umfjöllunar.

Ágreiningur aðila er aðallega um verðmat eigna búsins. (sic) Í greinargerð sinni dags. 21. september sl. hafnaði lögmaður konunnar tillögu skiptastjóra í frumvarpi til skipta. Gerði lögmaðurinn fyrir hönd konunnar aðallega athugasemdir við tilgreinda fjárhæð bankainnistæðna karlsins, verðmat á kröfu búsins (sic) á hendur A ehf., verðmat á hlutafé í A ehf. og stofnfé í B sf. Lögmaður mannsins samþykkti í greinargerð sinni, dags. 18. september sl., tillögu skiptastjóra, að gerðum athugasemdum varðandi fjárhæð skuldar vegna stofnbréfa í Sparisjóði G, verðmat á félögunum B sf. og C ehf., auk athugasemda varðandi skiptingu innbús. Óskaði lögmaður konunnar eftir því á skiptafundi 20. nóvember sl. að matsmanni yrði falið að verðmeta eignarhluta í félögunum A ehf. og B sf. Af hálfu karlsins var því mótmælt og því hafnað að kostnaður vegna mats yrði lagður á búið (sic). Vegna kröfu þessarar tilkynnti skiptastjóri aðilum um það að ekki væri mögulegt að óska eftir mati á eignum án þess að lögð væri til trygging á greiðslu matskostnaðar til búsins (sic) ...

Mál þetta var þingfest 20. janúar 2010 og tekið til úrskurðar 20. júní sl. samkvæmt áðursögðu.

II.

Sóknaraðili segir óumdeilt að málsaðilar eigi kröfu á einkahlutafélagið A sem samkvæmt skattframtali málsaðila og ársreikningi A ehf. fyrir árið 2007 nemi 1.865.804 krónum miðað við 31. desember 2007. Engin staðfesting liggi fyrir á því að A ehf. geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Félagið sé hvorki á vanskilaskrá né hafi hjá því verið gert árangurslaust fjárnám. Þá bendi allt til þess að eignir félagsins séu án veðbanda. Ekki hafi verið látið á það reyna, til dæmis með málsókn, hvort félagið geti greitt þá kröfu sem málsaðilar sannanlega eigi á félagið. Meðan ekki hafi verið látið á það reyna með öllum tiltækum lagalegum úrræðum hvort krafan fái greidd sé eðlilegt að hún sé tekin til greina að fullu við skiptin, enda verði ekki séð að með því yrði gengið á hlut málsaðila. Óeðlilegt væri hins vegar að fella kröfuna niður án innheimtutilrauna. Sóknaraðili krefjist þess því að krafan verði tekin til greina að fullu við skiptin og hún metin á 1.865.804 krónur.

Hvað verðmæti A ehf. varðar vísar sóknaraðili til þess að félagið sé í fullum rekstri og eigi eignir. Ljóst sé að bókfært verð eigna sé langt undir raunvirði þeirra. Rekstur ferðaþjónustunnar hafi aukist verulega síðustu árin og ekki sé útlit fyrir annað en að aukning verði áfram á næstu árum, auk þess sem telja verði að fasteignir á umræddu svæði séu eftirsóknarverðar og verðgildi þeirra því nokkuð hátt. Ekki sé því óraunhæft að áætla að markaðsverðmæti alls hlutafjárins í félaginu sé mun hærra en samkvæmt framlögðu mati, eða 11.500.000 krónur, að teknu tilliti til eigna félagsins og reksturs þess, sbr. kröfugerð sóknaraðila í málinu.

Sameignarfélagið B kveður sóknaraðili einnig vera í umfangsmiklum rekstri og hafi svo verið um margra ára skeið. Vísar sóknaraðili sérstaklega til þess að rekstrartekjur félagsins á árinu 2008 hafi numið rúmum 47 milljónum. Félagið hafi starfrækt bæði útgerð og ferðaþjónustu á X og hafi umsvif þess aukist ár frá ári. Félagið hafi boðið upp á áætlunarsiglingar frá H til I þrisvar í viku yfir sumartímamann, auk annarra ferða um helgar. Þá hafi félagið verið í útgerð á öðrum árstímum, meðal annars grásleppuútgerð á vorin. Tekur sóknaraðili fram að eftir skilnað málsaðila hafi varnaraðili einn höndlað með rekstur félagsins og einn notið arðs af honum.

Sóknaraðili vísar enn fremur til þess að B sf. eigi alla hluti í einkahlutafélaginu C. Með hliðsjón af eignum B sf. og þess rekstrar sem félagið hafi með höndum sé ljóst að verðmæti alls stofnfjárins í félaginu sé ekki undir 20-25 milljónum króna. Tekur sóknaraðili einnig fram í þessu sambandi að veruleg óvissa ríki um niðurfærslu skulda félagsins. Þá gefi bókfært verð eigna félagsins ekki rétta mynd af eignastöðu þess.

Varðandi endurgjaldskröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila bendir sóknaraðili á að engin gögn hafi verið lögð fram kröfunni til stuðnings. Einungis liggi fyrir samantektarblað án þess að einstakir útgjaldaliðir hafi verið skýrðir eða ljósrit kvittana verið lögð fram til staðfestingar á því að þar tilgreindar greiðslur hafi verið inntar af hendi eða að þær eigi að greiðast að jöfnu af málsaðilum. Ekki sé því hægt að sannreyna kröfuna.

Sóknaraðili segir svo virðast sem endurgjaldskrafan sé að mestu tilkomin vegna greiðslna varnaraðila á árinu 2008 vegna fasteignarinnar að D, afborgana af veðskuldabréfi tryggðu með veði í bifreiðinni [...] og vegna greiðslu á ýmsum kostnaði vegna barna málsaðila. Bendir sóknaraðili á að á umræddum tíma hafi

varnaraðili verið með lögheimili að D, og ekki verið farinn að greiða meðlag með börnunum. Eðlilegt verði að telja að á meðan engar meðlagsgreiðslur voru inntar af hendi af hálfu varnaraðila tæki hann þátt í kostnaði við uppeldi barnanna, en forsjá þeirra hafi á þessum tíma verið sameiginleg. Þá sé ljóst að sumar umræddra greiðslna, svo sem vegna áskriftargjalda, internets og síma, séu sóknaraðila með öllu óviðkomandi og alfarið á ábyrgð varnaraðila. Því krefjist sóknaraðili þess að endurgjaldskrafa varnaraðila verði einungis tekin til greina vegna þeirra liða sem séu vegna fasteignarinnar D, þó þannig að sá kostnaður skiptist til helminga milli málsaðila. Endurgjaldskrafa varnaraðila á hendur sóknaraðila verði því lækkuð úr 1.863.815 krónum í 436.346 krónur.

Verði ekki fallist á aðalkröfur sóknaraðila kveðst hann krefjast þess til vara að þær breytingar verði gerðar á fyrirliggjandi frumvarpi skiptastjóra að skiptum milli málsaðila að viðurkennt verði að sóknaraðili fái í sinn hlut og útlagt við skiptin helmingshlutdeild í þeim eignum sem ágreiningur sé um og metnar séu verðlausar í fyrirliggjandi frumvarpi. Sóknaraðili geti ekki undir nokkrum kringumstæðum fallist á að umræddar eignir séu einskis virði. Þar sem samkomulag hafi ekki náðst um verðmæti eignanna sjái sóknaraðili ekkert því til fyrirstöðu að eignunum sé skipt til helminga milli málsaðila. Með því væri jafnræðis gætt.

Varakröfu sinni til stuðnings bendir sóknaraðili á að samkomulag sé með málsaðilum um að helmingaskiptaregla 103. gr. laga nr. 31/1993 skuli gilda við skiptin. Þannig megi færa fyrir því rök að komi ágreiningur upp milli málsaðila um verðmæti eigna sé eðlilegt að þeim sé skipt til helminga að því gefnu að þær séu skiptanlegar, en svo sé í þeim tilvikum sem hér um ræði. Með því geti hvor aðilinn um sig látið reyna á hvert verðmæti eignanna sé. Sóknaraðili gæti til að mynda látið reyna á innheimtu á kröfunni á hendur A ehf. og reynt að selja hlutafé félagsins ef því væri að skipta, ellegar átt hlutinn í félaginu áfram. Telur sóknaraðili ekkert standa því í vegi að fyrrgreind helmingshlutdeild í umræddum eignum verði lögð út til sóknaraðila í samræmi við ákvæði 110. gr. laga nr. 20/1991.

Auk framangreinds kveðst sóknaraðili krefjast þess í varakröfu sinni að endurgjaldskrafa varnaraðila á hendur sóknaraðila verði lækkuð úr 1.863.815 krónum í 872.692 krónur. Segir sóknaraðili kröfuna byggja á því að einungis skuli taka til greina þær greiðslur sem varði fasteignina að D, þ.e. 558.970 krónur vegna afborgana af fasteignaveðláni, 168.722 krónur vegna rafmagns- og hitakostnaðar og 145.000 vegna fasteignagjalda. Aðrar greiðslur samkvæmt yfirlitsblaði varnaraðila varði annars vegar framfærslukostnað barna og hins vegar sé um að ræða ýmis gjöld sem varnaraðili virðist hafa greitt á eigin ábyrgð og snerti sóknaraðila ekki á nokkurn hátt, meðal annars áskriftargjöld, tryggingar, internetkostnað og símkostnað. Engin gögn liggi fyrir um að þessar greiðslur varði sóknaraðila á nokkurn hátt eða að sóknaraðila beri að greiða helming kostnaðarins.

Til stuðnings kröfum sínum vísar varnaraðili til hjúskaparlaga nr. 31/1993, einkum 103. gr. laganna. Þá vísar sóknaraðili almennt til ákvæða XIV. kafla laga nr. 20/1991.

III.

Varnaraðili segir í 109.-111. gr. laga nr. 20/1991 því ítarlega vera lýst hvernig skipti fari fram við „... fjárlit bús hjóna þar sem einungis eru hjúskapareignir.“ Þar sé

kveðið á um að hvort hjóna eigi sínar eignir og beri sínar skuldbindingar, bæði á meðan á hjúskap standi og þegar honum sé slitið. Í 109. gr. sé mælt fyrir um hvernig finna eigi út hve mikið hvor aðili eigi að fá í sinn hlut takist ekki samkomulag á milli þeirra um aðra tilhögun. Leggja skuli saman verðmæti hjúskapareigna hvors um sig og verðmæti hlutdeildar í því sem hvor um sig eigi í sameign með gagnadilunum. Frá heildareign hvors um sig skuli síðan dregin fjárhæð skulda sem beinist að viðkomandi. Í ákvæðinu sé tekið fram að eigi annar aðilinn eignir umfram skuldir skuli hrein eign hans koma til skipta milli aðila.

Í máli þessu segir varnaraðili ekki um það deilt hvaða eignir séu hjúskapareignir hvors málsaðila um sig. Einungis bifreiðin [...] og bankareikningar á nafni sóknaraðila séu hjúskapareignir hans. Aðrar eignir sem upp séu taldar í frumvarpi skiptastjóra séu hjúskapareignir varnaraðila.

Meðal hjúskapareigna varnaraðila kveður hann vera 91% eignarhlut í B sf. og A ehf. (66,6% af heild). Sóknaraðili hafi undir skiptunum haldið því fram að bæði þessi félög séu mikils virði. B segir varnaraðili vera sameignarfélag sem hann beri ótakmarkaða ábyrgð á. Undir skiptum hafi ársreikningar félaganna verið lagðir fyrir sóknaraðila. Enn fremur hafi ársreikningur C ehf., en það félag sé eign B sf., verið lagður fyrir sóknaraðila. Þá hafi sóknaraðili fengið aðgang að bókhaldi félaganna. Starfsemi félaganna sé eftirfarandi:

A ehf. segir varnaraðili eingöngu hafa tekjur af sölu gistingar í I, en ferðamannatíminn á svæðinu standi einungis yfir í átta vikur á hverju sumri. Tekjurnar dugi einungis til þess að standa straum af viðhaldi og rekstri á búnaði gistihúss og tilkostnaði við ferðir og upphald vegna fjarlægðar við aðföng. Gas- og olíukostnaður við hitun húsa, ásamt öðrum viðhaldskostnaði, sé mikill og hafi á undanförunum árum aldrei verið hægt að reikna laun vegna viðhalds fasteigna. Húseignir sem nýttar hafi verið vegna gistisölu séu hins vegar eign móður varnaraðila (dánarbús föður varnaraðila).

Varnaraðili kveður skráðar eignir C ehf. vera veiðiheimildir sem keyptar hafi verið og leigðar. Lán hafi verið tekin til þessara skuldbindinga og veiðiheimildirnar settar að veði. B sf. sé ábyrgðaraðili vegna C ehf., enda eigandi félagsins. Á fyrri hluta árs 2009 hafi það verið mat endurskoðanda félagsins að áætlað verðmæti aflaheimilda í eigu C ehf. væru um það bil 44 milljónir.

Eignir B sf. segir varnaraðili samanstanda af báti, fasteign, bifreið og tækjum, auk C ehf. Á fyrri hluta ársins 2009 hafi það verið mat endurskoðanda félagsins að eignirnar væru að verðmæti 77,7 milljónir króna að meðtöldum skráðum aflaheimildum C ehf. Á sama tíma hafi heildar skuldbindingar félagsins numið 132.000.000 króna.

Í málatilbúnaði varnaraðila kemur fram að áður en kynni málsaðila hófust hafi sóknaraðili starfað við fiskveiðar með föður sínum og við ferðamannaþjónustu á J. Þá hafi bæði B sf. og A ehf. verið stofnuð löngu fyrir þann tíma og félögin árum saman verið rekin af foreldrum varnaraðila.

Meðal hjúskapareigna sinna kveður varnaraðili vera stofnfjárbréf í Sparisjóði G. Við það hafi verið miðað að gengi bréfanna væri 1. Varnaraðili hafi á sínum tíma tekið lán til kaupa á bréfunum að fjárhæð 2.020.000 krónur. Segir varnaraðili gengi

bréfanna nú vera enn lægra en það gengi sem miðað hafi verið við hjá skiptastjóra, en varnaraðili hafi greitt afborganir af fyrrgreindu láni.

Varnaraðili segist hafa haldið því fram undir skiptunum að hjúskapareignir hans að frádregnum skuldum sem hann beri ábyrgð á séu neikvæðar. Sóknaraðili hafi mótmælt því. Kröfur í greinargerð sóknaraðila þess efnis að miða beri við margfalt nafnverð stofnfjár í félögum varnaraðila segir varnaraðili úr lausu lofti gripnar og séu þær með öllu órökstuddar. Þá hafi sóknaraðili bæði neitað að horfast í augu við þá staðreynd að B sé sameignarfélag með ótakmarkaðri ábyrgð eigenda þess og hinar miklu skuldir félagsins. Mótmælir varnaraðili öllum kröfum sóknaraðila sérstaklega sem órökstuddum.

Af hálfu varnaraðila er mótmælt þeirri kröfu sóknaraðila að krafa varnaraðila á hendur A ehf., að fjárhæð 1.865.804 krónur, verði við skiptin metin á nafnverði. Í ársreikningi félagsins komi fram að eignir félagsins séu mjög óverulegar, einungis 50% hlutur sögunarhúss I og fjórhjól. Rekstur félagsins hafi verið neikvæður og af ársreikningi félagsins megi ráða að fráleitt sé að meta kröfuna einhvers virði. Í reynd sé A ehf. ekki greiðslufært vegna kröfunnar.

Í frumvarpi skiptastjóra segir varnaraðili ráð fyrir því gert að við skiptin verði tekið tillit til endurgjaldskröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila að fjárhæð 1.863.815 krónur. Á fyrri stigum, í raun allt til þess tíma að mál þetta kom fyrir dóm, hafi sóknaraðili lýst sig samþykkan því að tekið yrði tillit til þessarar kröfu. Neikvæð afstaða hans til kröfunnar hafi því fyrst komið fram í máli þessu. Hina umdeildu kröfu segir varnaraðili tilkomna vegna greiðslna sem hann hafi innt af hendi vegna heimilishalds sóknaraðila. Á samantektarblaði hafi fjárhæðin verið sundurliðuð fyrir hvern mánuð ársins 2008, en allt það ár hafi sóknaraðili greitt alla reikninga heimilis sóknaraðila, svo sem afborganir á lánum, tryggingar, orku, bílalán vegna bifreiðar sóknaraðila, leikskóla, sjónvarp, internet o.s.frv. Bendir sóknaraðili á í þessu sambandi að í 109. gr., sbr. 106. gr., laga nr. 20/1991 sé beinlínis gert ráð fyrir að tekið sé tillit til endurgjaldskrafna á milli aðila við fjárskipti. Þá getur varnaraðili þess að eldra barn málsaðila hafi búið hjá honum fyrstu fjóra mánuði ársins 2008.

Öllum kröfum sóknaraðila um að hann fái sér útlagðan 50% eignarhlut í félögum varnaraðila kveðst varnaraðili hafna, enda sé í öllum tilvikum um að ræða hjúskapareignir varnaraðila. Varnaraðili byggir á því að hjúskapareign hans sé neikvæð og því eigi sóknaraðili ekki rétt til greiðslu vegna þess úr hendi varnaraðila, enda byggir sú niðurstaða á 109.-111. gr. laga nr. 20/1991.

IV.

Með úrskurði dómsins í máli nr. Q-2/2010 var staðfest sú ákvörðun skiptastjóra, sem fer með opinber skipti málsaðila, er tekin var á skiptafundi 4. maí 2010, að fela matsmanni að meta verðmæti eignarhluta varnaraðila í félögunum A ehf. og B sf. eftir ákvæðum 17.-23. gr., sbr. 3. mgr. 105. gr., laga nr. 20/1991 Niðurstaða héraðsdóms var staðfest með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 478/2010, sem kveðinn var upp fimmtudaginn 26. ágúst 2010.

Verðmöt matsmannsins, Jóns Hjartar Skúlasonar endurskoðanda, voru lögð fram í þinghaldi 19. apríl sl. Hvað A ehf. varðar komst matsmaður að því að eignarhluti

varnaraðila í félaginu hefði verið 1.019.734 króna virði 1. janúar 2008, en 1.437.593 króna virði við árslok 2010. Eignarhluta varnaraðila í B sf., þ.m.t. C ehf., taldi matsmaður hafa verið að verðmæti 38.431.619 krónur 1. janúar 2008. Verðmæti eignarhlutans hefði hins vegar verið ekkert í lok árs 2010 og hrein eign, miðað við eignarhluta varnaraðila, þá verið neikvæð um 3.661.698 krónur.

V.

A.

Málsskot þetta byggir á 112. gr., sbr. 122. gr., laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Í 112. gr. laganna segir að rísi ágreiningur milli aðila við opinber skipti samkvæmt XIV. kafla um atriði sem 2. mgr. 103. gr. og 104.-111. gr. taki til skuli skiptastjóri leitast við að jafna hann. Takist það ekki skal skiptastjóri beina málefnum til héraðsdóms eftir ákvæðum 122. gr. Í 1. mgr. 122. gr. er síðan kveðið á um að rísi ágreiningur um atriði við opinber skipti sem fyrirmæli laganna kveði sérstaklega á um að beint skuli til héraðsdóms til úrlausnar, svo og ef skiptastjóri telji þörf úrlausnar héraðsdóms um önnur ágreiningsatriði sem komi upp við opinber skipti, skuli skiptastjóri beina skriflegri kröfu um það til þess héraðsdómstóls þar sem hann var skipaður til starfa. Meðal þess sem fram skal koma í kröfu skiptastjóra er um hvað ágreiningur standi og hverjar kröfur hafa komið fram í því sambandi, sbr. 3. tölulið 1. mgr. 122. gr.

Í bréfi skiptastjóra til dómsins frá 21. desember 2009, sem reifað er í kafla I hér að framan, koma fram þau ágreiningsatriði sem hann hefur lagt fyrir dóminn. Í bréfinu segir skiptastjóri ágreining aðila aðallega vera um verðmat eigna búans (sic). Skiptastjóri reifar því næst athugasemdir lögmanns sóknaraðila í greinargerð frá 21. september 2009 og vísar jafnframt til greinargerðar lögmanns varnaraðila frá 18. sama mánaðar. Samkvæmt gögnum málsins er hvorki í bréfi skiptastjóra né nefndum greinargerðum málsaðila vikið að endurgjaldskröfu varnaraðila að fjárhæð 1.863.815 krónur, sbr. töluliði 4 í aðal- og varakröfum sóknaraðila.

Af fyrirmælum 112. og 122. gr. laga nr. 20/1991 er að mati dómsins ljóst að úrlausnarefni máls þessa ræðst af þeirri skriflegu kröfu sem skiptastjóri beindi til dómstólsins í samræmi við ákvæði 1. mgr. 122. gr. Í málinu skal af þeim sökum ekki taka afstöðu til annarra ágreiningsefna en fram koma í nefndu bréfi skiptastjóra frá 21. desember 2009. Kröfum er ekki eiga stoð í bréfinu ber að vísa frá dómi. Er því kröfum sóknaraðila samkvæmt töluliðum 4 í aðal- og varakröfum vísað frá dómi ex officio.

B.

Fyrir liggur að allar eignir málsaðila voru hjúskapareignir þeirra og eru félögin A ehf. og B sf. meðal hjúskapareigna varnaraðila. Þá er ágreiningslaust með aðilum að skiptin fari fram á grundvelli helmingaskiptareglu 103. gr. hjúskaparlaga.

Óumdeilt er að viðmiðunardagur skipta til fjárslita milli aðila er 1. janúar 2008, sbr. 1. mgr. 104. gr. laga nr. 20/1991 og 1. mgr. 101. gr. laga nr. 31/1993. Með tilvitnuðum lagareglum er grundvöllur skipta lagður með því að afmarka þær eignir sem undir skiptin falla. Við verðmat þeirra eigna sem til skipta koma ber hins vegar að miða við gangverð eignanna þegar matið fer fram gegn staðgreiðslu kaupverðs,

sbr. 1. mgr. 20. gr. og 5. mgr. 22. gr., sbr. 3. mgr. 105. gr. laga nr. 20/1991, sbr. og dóm Hæstaréttar Íslands frá 28. nóvember 2006 í máli nr. 579/2006. Við úrlausn máls þessa verður því lagt til grundvallar verðmæti félaganna A ehf. og B sf. við árslok 2010, sbr. framlögð verðmöt Jóns Hjartar Skúlasonar endurskoðanda, en niðurstöðum matsmannsins, sem fenginn var af skiptastjóra til að verðmeta umræddar eignir eftir ákvæðum 17.-23. gr., sbr. 3. mgr. 105. gr., laga nr. 20/1991, hefur ekki á nokkurn hátt verið hnekkt.

Hvað Aehf. varðar komst matsmaður að því að eignarhluti varnaraðila í félaginu hefði verið 1.437.593 króna virði við árslok 2010. Með vísan til framangreindra röksemda verður niðurstaða matsmannsins lögð til grundvallar við úrlausn málsins og skal eignarhlutur varnaraðila í A ehf. við fjárslit milli málsaðila því metinn á 1.437.593 krónur.

Verðmæti eignarhluta varnaraðila í B sf., þ.m.t. C ehf., taldi matsmaður hafa verið ekkert í lok árs 2010 og hefði hrein eign, miðað við eignarhluta varnaraðila, þá verið neikvæð um 3.661.698 krónur. Með sömu rökum og áður voru tilgreind skal eignarhlutur varnaraðila í sameignarfélaginu B sf. því metinn verðlaus við fjárslit milli málsaðila.

Á meðal hjúskapareigna varnaraðila er krafa á A ehf. Samkvæmt skattframtali málsaðila og ársreikningi A ehf. fyrir árið 2007 var krafan að fjárhæð 1.865.804 krónur miðað við 31. desember 2007 og er það sú fjárhæð sem sóknaraðili miðar við í kröfugerð sinni.

Í framangreindu verðmæti á A ehf. er tekið fullt tillit til kröfu varnaraðila á félagið. Þá er A ehf. hvorki á vanskilaskrá né hefur verið gert hjá félaginu árangurslaust fjárnám. Að þessum atriðum virtum þykja engin efni vera til annars en þess að taka kröfuna að fullu til greina við skiptin með þeim hætti sem sóknaraðili hefur krafist.

Af framangreindri niðurstöðu leiðir að eingöngu þarf að taka efnislega afstöðu til þess hluta varakröfu sóknaraðila er snýr að stofnfé varnaraðila í B sf., en sóknaraðili krefst þess, verði ekki fallist á aðalkröfu hans hvað verðmæti félagsins varðar að neinu leyti, að viðurkennt verði að hann fái í sinn hlut og lagt út við skiptin 50% af stofnfé varnaraðila í félaginu.

Svo sem áður var nefnt er B sf. hjúskapareign varnaraðila. Dómurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu samkvæmt framansögðu að verðmæti eignarhluta varnaraðila hafi ekkert verið í lok árs 2010 og hrein eign, miðað við eignarhluta hans, þá verið neikvæð um 3.661.698 krónur. Að þessu virtu fær dómurinn ekki séð að lagastoð sé fyrir kröfu sóknaraðila um útlagningu 50% af stofnfé varnaraðila í félaginu honum til handa. Þeirri kröfu verður því hrundið.

Samkvæmt framangreindum niðurstöðum dómsins, kröfugerð málsaðila og fyrir mælum 112. og 122. gr. laga nr. 20/1991 eru ekki efni til að taka afstöðu til annarra þeirra málsástæðna aðila, sem í málalíbúnaði þeirra kunna að felast, en þegar hefur verið vikið að hér að framan.

Eftir úrslitum málsins, sbr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og 2. mgr. 131. gr. laga nr. 20/1991, verður varnaraðili úrskurðaður til að greiða sóknaraðila málskostnað er hæfilega þykir ákveðinn svo sem í úrskurðarorði greinir eftir umfangi málsins og

að teknu tilliti til fyriræla 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Sérstaklega skal tekið fram að kostnaður við öflun mats á verðmæti B sf., þ.m.t. C ehf., og A ehf. getur ekki talist vera málskostnaður sóknaraðila í þessu máli. Eins og ítrekað hefur verið nefnt var matsmaður fenginn af skiptastjóra til að verðmeta umræddar eignir eftir ákvæðum 17.-23. gr., sbr. 3. mgr. 105. gr., laga nr. 20/1991 og hefur matsmaður gert lögfræðistofu skiptastjóra reikning vegna vinnu sinnar. Það hver skuli bera kostnaðinn af verðmatinu er sjálfstætt úrlausnarefni sem ekki hefur verið vísað til dómsins af skiptastjóra eftir ákvæðum 112. gr., sbr. 122. gr., laga nr. 20/1991 og af þeim sökum eru ekki lagaskilyrði til þess að leysa efnislega úr því hér.

Úrskurð þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Þeim kröfum sóknaraðila, K, í aðal- og varakröfum, töluliðir 4 í báðum kröfum, sem varða endurgjaldskröfu varnaraðila, M, á hendur sóknaraðila að fjárhæð 1.863.815 krónur, er vísað frá dómi ex officio.

Krafa varnaraðila á hendur A ehf. skal við fjárslit milli málsaðila metin á 1.865.804 krónur.

Eignarhlutur varnaraðila í A ehf. skal við fjárslit milli málsaðila metinn á 1.437.593 krónur.

Eignarhlutur varnaraðila í B sf. skal metinn verðlaus við fjárslit milli málsaðila.

Kröfu sóknaraðila um að viðurkennt verði að hann fái í sinn hlut og lagt út við skiptin 50% af stofnfé varnaraðila í B sf., er hrundið.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 300.000 krónur í málskostnað.

Kristinn Halldórsson